


Fuglar að vorlagi í Hornstrandafriðlandinu 2003-2004

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson

Náttúrustofa Vestfjarða Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík



Hornstrandir á norðanverðum Vestfjörðum voru gerðar að friðlandi 1975. Litlar upplýsingar eru til um fugla að vorlagi á þessu svæði en athuganir hafnar vorið 2003 og síðan 2004. Þessar athuganir eru hluti af langtímarannsóknum í Hornstrandafriðlandi á vegum Náttúrustofu Vestfjarða.

Sigt var sem næst ströndinni og talið af báti vorið 2003.

Um vorið 2004 var bæði talið af báti og farið í land í Hesteyrarfirði, Fljótavík og Hornvík.



Jökulfirðir 3. mars 2003 (BÞ/NV).

Fuglar á sjó

Þann þriðja mars 2003 voru fuglar taldir af báti. Talið var frá Sandeyri á Snæfjallaströnd að Rit og lögð aðaláhersla á straumendur og skarfa (tafla 1).

Straumendurnar voru í litlum hópum (10-50) og sáust mjög víða. Flestar þó á milli Grunnavíkur og Höfðastrandar, á annesjum í Veiðileysufirði og frá Sléttu að Rit.

Mest sást af skörfum við Vébjarnarnúp en víða sáust fáeinir fuglar. Nokkur hundruð hávellur sáust í Leirufirði og Hrafnsfirði. Í Lónafirði var nokkuð af svartfugli.



Jökulfirðir 20. maí 2004 (BÞ/NV).

Umferðarvaðfuglar

Seinni partinn í maí 2004 var farið á báti og leitað að umferðarfuglum á völdum stöðum, frá Grunnavík að Hornvík.

Rauðbrystingar og tildrur sáust undir Lásfjalli í Veiðileysufirði og í Hesteyrarfirði.

Í Aðalvík, Hornvík og Fljótavík var lítið af vaðfuglum en fáeinir sanderlur sáust í Hornvík.

Tafla 1. Fjöldi fugla 3. mars 2003 í og við Hornstrandafriðlandið.

Staður	Straumönd	Skarfar	Sendlingur
Sandeyri - Vébjarnarnúpur	100	43	20
Vébjarnarnúpur - Kjósanes	112	36	106
Kjósanes - Maður	104	22	151
Maður - Slétta	167	11	29
Slétta - Ritur	131	28	0
Samtals	614	140	306

3. mars 2003 voru 300 hávellur á milli Vébjarnarnúps og Kjósanes og einhver hundruð inn í Hrafnsfirði.

20. maí 2004 voru 50 tildrur og 50 rauðbrystingar undir Lásfjalli í Veiðileysufirði. Á milli 3-500 rauðbrystingar voru í Hesteyrarfirði.

26. maí 2004 sáust 5 sanderlur, 8 lóuprælar og 30 sandlóur í Hornvík en annars var lítið af vaðfugli.

Niðurstöður þessara athugana benda ekki til að Hornstrandafriðland sé mikilvægt fyrir umferðarvaðfugla.

Lítið var af öðrum vaðfuglum en það má rekja til þess að það vorar seint á svæðinu og talningar hafa verið í fyrra falli með tilliti til þess.

Sjófuglar og endur (straumendur og hávellur) virðast aftur á móti nýta svæðið talsvert á vorin.

Þakkarorð

Við þökkum starfsmönnum Náttúrustofu Vestfjarða: Petrínu F. Sigurðardóttir, Guðrúnu Steingrimsdóttir og Auðuni Elvarssyni. Jón Friðrik Jóhannsson sá um skipstjórn á Ormi ÍS-104.